



Á skólaárinu 2015 - 2016 verður sjálfsmatið sem fyrr fastur hluti skólastarfsins. Gæðastjórnunarhópur fundar vikulega, en hlutverk hans er fyrst og fremst að hafa yfirsýn yfir þau verkefni sem lúta að sjálfsmatinu. Í gæðastjórnunarhópi eiga sæti skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, námsráðgjafar og fulltrúar kennslustjóra. Fulltrúar nemenda sitja ekki í þessari nefnd en hafa hins vegar aðkomu að sjálfsmatinu með ýmsum hætti.

Allmargir matsþættir hafa skapað sér fastan sess, mat hvers þáttar fer fram á hverri önn, á hverju ári eða með lengra millibili. Enn aðrir eru í stöðugu matsferli enda beina þeir sjónum sínum að þáttum eins og líðan starfsmanna, öryggi á vinnustað og forvarnamálum. Enn fleiri þættir skólastarfsins eru teknir út reglulega í þeim tilgangi að hafa heildarsýn yfir starfsemi skólans. Mikilvægi þess fyrir skólann og starfsmenn hans er augljóst enda koma mjög margir að þeirri vinnu. Má þar sem dæmi nefna kerfi við mannaráðningar, úttekt á einni námsgrein sérstaklega, formlegri kennslukönnun í öllum áföngum svo og eru margir kennarar með eigin kannanir í sínum áföngum. Slíkar kannanir hafa kennarar lengi lagt fyrir nemendur sína án þess að slíkt hafi sérstaklega verið tilgreint í sjálfsmatskýrslum enda þjóna slíkar kannanir fyrst og fremst hverjum áfanga fyrir sig.

Eins og fram kemur í töflunni hér á eftir eru matsþættir ólíkir, nálgun mats er ýmist meðal nemenda, starfsmanna eða kennslustjóra og annarra stjórnenda.

Helstu matsþættir:

- **Námsárangur.** Einkunnir hvers áfanga eru skoðaðar m.t.t.einkunnayfirlits síðustu anna. Kennslustjórar skoða niðurstöður úr sínum deildum ásamt kennurum áfanga hverju sinni. Niðurstöður ræddar á fagfundum í deildum. Heildarniðurstöður námsárangurs koma m.a. fram í ræðu skólameistara við skólaslit. Allir nemendur skólans eru hér skoðaðir. Sérstök áhersla verður lögð á að kennslustjórar skoði niðurstöður námsárangurs samhliða skýrslum kennara með það í huga að bæta starfið enn frekar. Kennslustjórar skila skýrslu til aðstoðarskólameistara í lok skólaárs.
- **Kennslukönnun – mat á kennslu.** Á hverri önn er lögð fyrir nemendur rafræn könnun um námsefni, kennsluhætti, undirbúning kennara og almennt mat þeirra á hverjum þeim áfanga sem þeir eru skráðir í. Nemendur svara spurningum á námsnetinu. Spurningar eru bæði í formi krossspurninga og opinna spurninga. Niðurstöður könnunarinnar verða í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara og býðst öllum kennurum að fara í viðtal til þeirra um niðurstöðurnar í upphafi vorannar.
- **Viðhorf nemenda.** Á hverri önn eru haldnir opnir fundir á sal skólans fyrir alla nemendur. Þar sitja stjórnendur skólans og stjórn nemendafélagsins fyrir svörum og nemendum gefst kostur á að koma með tillögur til úrbóta og nýjar hugmyndir. Slíkir fundir hafa verið haldnir í allmörg ár og margar nýjungar í skólastarfinu hafa byggt á hugmyndum frá þessum fundum. Fundargerðir opinna funda eru settar á [heimasíðu skólans](#).
- **Starfsmannasamtöl.** Í maí 2016 fara fram starfsmannasamtöl. Markmið þeirra er að athuga líðan starfsmanna og farið verður í gegnum nýjar hugmyndir og tillögur sem bæta skólastarfið. Samtöl eru skipulögð eftir skipuriti skólans, þ.e. yfirmenn ræða við undirmenn.



Samtölin eru boðuð fyrirfram og uppbygging er á sérstökum blöðum sem dreift er áður. Úrvinnsla er í höndum skólameistara, aðstoðarskólameistara og kennslustjóra eftir því sem við á. Skólameistari kynnir helstu niðurstöður og setur fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf. Verkferill liggur fyrir sem skerpir á uppbyggingu og tilgangi samtalanna.

- **Líðan starfsmanna.** Auk starfsmannasamtalanna er á verkefnalista ýmissa starfsmanna að vera vakandi yfir þáttum sem varða velferð og líðan starfsmanna. Má þar nefna stjórnendur, öryggisnefnd, stjórn starfsmannafélagsins og fleiri. Yfirgripsmikil könnun er gerð árlega á vegum VR/SFR.
- **Öryggi á vinnustað.** Sérstök öryggisnefnd starfar við skólann sem starfar eftir lögum um slíkar nefndir. Helstu verkefni hennar er að vera vakandi yfir öryggi og hollustuháttum á vinnustað. Nefndin kallar til utanaðkomandi sérfræðinga eftir því sem við á. Ef einhverjum þáttum er ábótavant koma tillögur frá öryggisnefnd um úrbætur, framkvæmd er síðan undir stjórn skólameistara.
- **Forvarnamál.** Forvarnafulltrúi ásamt forvarnateymi stýrir forvarnamálum í víðasta skilningi þess orðs. Viðvera á dansleikjum og öðrum viðburðum sem haldnir eru í nafni skólans ásamt skipulagning sérstakra viðburða í nafni forvarna eru helstu verkefni. Forvarnafulltrúi er í góðu sambandi við forvarnafulltrúa annarra framhaldsskóla og fundar árlega með þeim. FG er heilsueflandi framhaldsskóli og er þungamiðjan þetta árið næring.
- **Próf og prófagerð.** Unnið er eftir verkferlum sem tryggja eiga aukin gæði. Fleiri koma að verkinu, þegar próf er tilbúið til ljósritunar hefur það farið í gegnum samningu, faglegan yfirlestur og íslenskulestur. Með þessum verkferlum er auðveldara að grípa inn í og lagfæra próf áður en til próftöku kemur. Áfangastjóri hefur yfirumsjón með prófum en kennslustjórar stýra vinnunni í hverri deild fyrir sig. Verkferlar liggja fyrir til undirbúnings úttektar. Úttekt verði annað hvert ár. **Úttekt verði næst gerð í lok skólaárs 2016 - 2017.**
- **Kennsluáætlanir.** Í fyrstu kennsluviku hveðrar annar eiga allar kennsluáætlanir að vera tilbúnar. Þær eru settar á heimasíðu skólans og á námsnetið. Samræmi er í uppsetningu og þess gætt að allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram á kennsluáætluninni. Yfirumsjón er í höndum verkefnastjóra og kennslustjóra. Verkferlar liggja fyrir til undirbúnings úttektar. Úttekt verði annað hvert ár. **Úttekt verði næst gerð í lok skólaárs 2016 - 2017.**
- **Námsnetið.** Einn liður í því að bæta námsumhverfi nemenda, efla ólíka kennsluhætti og geta þannig mætt þörfum einstakra nemenda enn betur er notkun námsnetsins. Kennarar hafa verið hvattir til að nota námsnetið í öllum áföngum. Verkferlar liggja fyrir til undirbúnings úttektar. Úttekt verði annað hvert ár. **Úttekt verði næst gerð í lok skólaárs 2016 - 2017.**
- **Endurmenntun kennara.** Áhersla á endurmenntun kennara er í stefnuskrá skólans. Kennarar eru hvattir til að skrá námskeið og aðra endurmenntun í sérstaka skrá á innra neti skólans. Litið er til endurmenntunar þegar ákvörðun er tekin um launahækkun og/eða framgang í starfi. **Könnun verði gerð í upphafi skólaárs 2016 - 2017.**
- **Umsjónarkerfi / ástundun nemenda.** Umsjónarkennarar hafa víðtækt hlutverk sem hefur verið í þróun síðustu ár. Nemendur mæta í umsjónartíma þar sem m.a. er unnin námsáætlun og allar orðsendingar til nemenda eiga greiða leið í gegnum þessa tíma. Fylgst er með ástundun og mætingu, farið í gegnum miðannarmat og fleira sem skiptir máli í vinnu nemenda í skólanum. Nýnemum er raðað í sérstaka umsjónarhópa, umsjónarkennarar þeirra sjá jafnframt um kennslu hópsins í lífsleikni á fyrstu önn. Hóparnir haldast síðan í 2 ár. Á



síðustu önn fara nemendur í umsjón til aðstoðarskólameistara. **Úttekt verði gerð á umsjónarkerfinu, kostum þess og göllum, í apríl 2016.**

- **Úttekt á einstökum námsgreinum.** Ein til tvær námsgreinar eru metnar m.t.t. heildarmyndar áfanga. Skoðaðir verða m.a. kennsluhættir, undirbúningur, árangur nemenda, menntun og undirbúningur kennara, styrkleikar og veikleikar. Um leið er þetta frábært tækifæri fyrir stjórnendur að kynnast vel innviðum einnar (eða tveggja) námsgreina hverju sinni og vera betur í stakk búnir til að sjá heildarmyndina. Úttektir fara fram á vorönn og eru undir stjórn aðstoðarskólameistara. **Á vorönn 2016 verður íslenska tekin út.**
- **Mat á starfi stjórnenda.** Á vorönn 2013 var heildstæð úttekt á skólanum á vegum Attendus fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þar voru störf stjórnenda sérstaklega skoðuð. Á vorönn fór einnig fram könnun meðal nemenda um stjórnendur. Gert er ráð fyrir að slík könnun verði gerð á 3ja ára fresti, **næst vorið 2016.**
- **Mat á þjónustu bókasafns.** Könnun fór fram á vorönn 2013 á þjónustu bókasafnsins. Metið var heildrænt bókakostur, þjónusta og vinnuaðstaða nemenda. Gert er ráð fyrir að slík könnun verði gerð á 3ja ára fresti, **næst vorið 2016.**
- **Mat á þjónustu skrifstofu og netstjóra.** Könnun fór fram á vorönn 2013 á þjónustu skrifstofustjóra, skólafulltrúa og netstjóra. Hvernig er viðmót viðkomandi aðila, hvað mætti betur fara. Niðurstöður eru skoðaðar af stjórnendum sem í samráði við viðkomandi gera breytingar ef þurfa þykir. Gert er ráð fyrir að slík könnun verði gerð á 3ja ára fresti, **næst vorið 2016.**
- **Mat á þjónustu námsráðgjafa og forvarnafulltrúa.** Námsráðgjafar og forvarnafulltrúi veita mikilvæga þjónustu, oft við erfiðar aðstæður. Rafræn könnun meðal nemenda var gerð á starfi þeirra á vorönn 2013. Gert er ráð fyrir að sambærileg könnun verði gerð á 3ja ára fresti, **næst vorið 2016.**



Sjálfsmatsáætlun veturinn 2015-2016

Yfirlit sjálfsmats í FG

Tegund mats	Lagt fyrir	Skoðun á	Fræmsta á höndum	Gagnaöflun	Úrvinnsla	Niðurstöður?	Hve oft framkvæmt?
Námsrángur	Allir nemendur skólans	Einkunnir hvers áfanga skoðaðar, bornar saman við fyrri annir. Meðaltal. Skýrslur kennara skoðaðar til hliðsjónar.	Kennarar / Kennslustjórar	Prófúrlausnir nemenda ásamt námsmati kennara	Kennslustjórar	Ræddar á fagfundum í deildum. Niðurstöður koma fram í ræðu skólameistara við skólaslit.	Á hverri önn er farið yfir námsrángur en skýrslur og námsrángur lesið saman í lok hvers skólaárs.
Kennslukönnun meðal nemenda	Allir nemendur skólans	Námsefni, kennsluhættir, undirbúningur kennara, mat á gæðum kennslunnar	Gæðahópur	Rafræn könnun á námsnetinu lögð fyrir alla nemendur skólans	Skólameistari / aðstoðarskólameistari	Ræddar í viðtali við skólameistara / aðstoðarskólameistara	Á hverri önn.
Viðhorf nemenda	Nemendur á opnum fundi	Skólastarfinu, aðbúnaði, kennslu o.fl.	Stjórnendur	Stjórnendur og stjórnarmenn nemendafélags sitja fyrir svörum	Stjórnendur	Fundargerð er skrifuð og send á alla starfsmenn og nemendur skólans. Þar kemur fram tillaga að úrvinnslu. Fundargerð er sett á heimasíðu.	Á hverri önn.
Starfsmannasamtöl	Allir starfsmenn skólans	Líðan starfsmanna, hvað má betur fara í skólastarfinu	Samtöl skipulögð eftir skipuriti skólans, yfirmenn ræða við undirmenn	Samtöl eru boðuð fyrirfram, sérstök eyðublöð eru til sem báðir aðilar skrifa undir	Skólameistari / aðstoðarskólameistari / kennslustjórar	Skólameistari kynnir helstu niðurstöður og setur fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf	Í maí 2016



Sjálfsmatsáætlun veturinn 2015-2016

Tegund mats	Lagt fyrir	Skoðun á	Framkvæmd í höndum	Gagnaöflun	Úrvinnsla	Niðurstöður?	Hve oft framkvæmt?
Líðan starfsmanna	Allir starfsmenn skólans	Ýmsum þáttum sem varða velferð og líðan starfsmanna. Viðbragðsáætlun skóla: gátlisti	Stjórnendur, Öryggisnefnd, stjórn starfsmannafélags o.fl.	Skoðanakannanir, fundir o.fl.	Stjórnendur	Helstu niðurstöður kynntar og hugmyndir að úrbótum settar fram ef þess þarf	Stöðug starfsemi Könnun VR/SFR
Öryggi á vinnustað	Starfsmenn skólans eftir því sem við á	Öryggi og hollustuháttum á vinnustað.	Öryggisnefnd	Öryggisnefnd kallar til utanaðkomandi sérfræðinga eftir því sem við á	Öryggisnefnd og stjórnendur	Tillögur um úrbætur koma frá öryggisnefnd, framkvæmd í höndum skólameistara	Áhættumat á ca. 2-3 anna fresti Parfagreining og áhættumat verði framkvæmt í lok vorannar
Staða forvarnamála í viðum skilningi	Alla nemendur skólans eftir því sem við á	Heilbrigðum lífsháttum, neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuvaldandi efna	Forvarnafulltrúi og forvarnateymi	Með ýmsum hætti, viðvera á dansleikjum, öllum ferðum á vegum skólans, einnig eru stundum lagðar fyrir nemendur kannanir	Forvarnafulltrúi og forvarnateymi	Tillögur um úrbætur koma frá forvarnateymi, framkvæmd í höndum stjórnenda	Stöðug starfsemi
Próf og prófagerð	Kennarar	Framkvæmd prófagerðar, búið er að setja prófagerð og framkvæmd prófa í sérstakt ferli	Áfangastjóri	Kennarar fara eftir fyrirmælum um samningu prófa, frágang og fleira. Próf skoðuð.	Áfangastjóri og kennslustjórar	Gripið er inn í ef próf eru ekki unnin samkvæmt fyrirmælum	Einu sinni á önn. Úttekt verði næst í lok skólaárs 2016 – 2017.
Kennsluáætlanir	Nemendur	Kennsluáætlanir skulu unnar með ákveðnum hætti, lagðar fyrir nemendur í fyrstu kennsluviku og setta á heimasíðu skólans	Kennarar undir stjórn kennslustjóra Yfirumsjón í höndum verkefnastjóra	Gengið úr skugga um að allar kennsluáætlanir fari á heimasíðu og séu samkvæmt fyrirmælum	Stjórnendur	Kennslustjórar sjá um ef úrbóta er þörf.	Einu sinni á önn. Úttekt verði næst í lok skólaárs 2016 – 2017.



Sjálfsmatsáætlun veturinn 2015-2016

Tegund mats	Lagt fyrir	Skoðun á	Frákvæmd í höndum	Gagnaöflun	Úrvinnsla	Niðurstöður?	Hve oft frákvæmt?
Endurmenntun kennara	Kennarar	Endurmenntun kennara, lögboðinni og öðru	Skólameistari	Kennarar fylla út sérstakt skjal, aðstoðarskólameistari geymir staðfestingar	Skólameistari / aðstoðarskólameistari	Ut anumhald, yfirsýn kennarahópsins. Hvatning til kennara.	Stöðug starfsemi Könnun verði gerð í upphafi skólaárs 2016 - 2017
Umsjónarkerfi	Umsjónarkennarar hafa viðtækt hlutverk sem er sérstaklega greitt fyrir	Umsjónartímum, frákvæmd skipulags, ut anumhald	Verkefnastjóri, námsráðgjafar	Sérstakir umsjónarkennara-fundir	Verkefnastjóri og aðrir stjórnendur	Tillögur til úrbóta frákvæmdar eftir því sem þörf er á hverju sinni	Stöðug starfsemi Úttekt verði gerð í apríl 2016.
Viðvera / ástundun nemenda	Allir nemendur skólans	Mætingu nemenda í kennslustundir. Seinkomur, fjarvistir án skýringa	Stjórnendur, kennarar, skólafulltrúar	Viðveruskráning í INNU.	Skólaráð, stjórnendur	Formleg afgreiðsla fer fram hjá skólaráði. Markmið: að minnka brottfall.	Stöðug starfsemi
Úttektir á einstökum námsgreinum	Kennarar og nemendur í einstökum námsgreinum	Færni kennara, þ.á.m. menntun, undirbúningi, kennsluháttum, árangri	Stjórnendur og viðkomandi kennslustjóri	Skoðun á kennsluáætlunum, tímar heimsóttir, niðurstöður prófa og verkefna skoðuð, viðtöl við kennara og nokkra nemendur(?)	Aðstoðarskólameistari	Niðurstöður ræddar og ef úrbóta er þörf þá gerðar tillögur þar um	Á hverri vorönn ÍSLENSKA



Sjálfsmatsáætlun veturinn 2015-2016

Tegund mats	Lagt fyrir	Skoðun á	Frákvæmd í höndum	Gagnaöflun	Úrvinnsla	Niðurstöður?	Hve oft frákvæmt?
Mat á starfi stjórnenda	Starfsmenn og nemendur skólans	Dagslega stjórnun, samskipti, hæfni til að taka á erfiðum málum	Í höndum utanaðkomandi sérfræðinga	Kannanir meðal nemenda og starfsmanna, spurningalisti til forráðamanna o.fl.	Utanaðkomandi sérfræðingar	Farið yfir niðurstöður og gerðar breytingar ef þurfa þykir	3ja hvert ár, næst vorið 2016
Mat á þjónustu bókasafns	Nemendur og kennarar	Bókakostur, þjónusta, vinnuaðstaða	Stjórnendur	Könnun meðal nemenda og kennara	Stjórnendur	Stjórnendur kynna helstu niðurstöður og setja fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf	3ja hvert ár, næst vorið 2016
Mat á þjónustu skrifstofu og netstjóra	Nemendur, kennarar og forráðamenn	Víðmót, þjónustulund, liðlegheit	Stjórnendur	Könnun meðal nemenda, kennara og forráðamanna	Stjórnendur	Stjórnendur kynna helstu niðurstöður og setja fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf	3ja hvert ár, næst vorið 2016
Mat á þjónustu námsráðgjafa og forvarnafulltrúa	Nemendur, kennarar og forráðamenn	Þjónusta, hvernig er tekið á erfiðum málum	Stjórnendur	Könnun meðal nemenda, kennara og forráðamanna	Stjórnendur	Stjórnendur kynna helstu niðurstöður og setja fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf	3ja hvert ár, næst vorið 2016
Notkun námsnetsins	Nemendur, kennarar	Kennsluhættir, þjónusta	Stjórnendur	Könnun meðal nemenda og kennara	Gæðahópur	Helstu niðurstöður kynntar á kennarafundi, ráðstafanir gerðar ef þurfa þykir	Einu sinni á önn. Úttekt verði næst í lok skólaárs 2016 – 2017.